

XIV. KAFLI
Almenn ákvæði.

148
30. júlí

50. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gera samþykktir um varnargirðingar fyrir afreittarlöndum til varnar gegn því að afréttarpeningur gangi ofan af afrétt, eða sleppi á afrétt, þegar heima skal ganga. Ennfremur til varnar því að afréttarpeningur gangi á víxl af einni afrétt á aðra. Greiðslu kostnaðar við slíkar girðingar skal haga þannig, að leggja að hálfu kostnað á landverð jarða í ábúð og að hálfu á fjallskilaskyldan afréttarpening. Nánari ákvæði skal setja með samþykktum og skal haga um þær svo sem fyrir er mælt í girðingarlögum nr. 24 1. febr. 1952. Séu fjallskilamál eða samþykktir fyrir afréttargirðingar til umræðu á almennum sveitarfundi, hafa þar atkvæðisrétt allir búendur, sem þar hafa jörð eða jarðarhluta til afnota.

51. gr.

Skýlt er hreppsnefndum að hafa sérstakan fjallskilasjóð og færa árlega reikning yfir allar tekjur hans og útgjöld. Skal hreppsnefndin gera reikninginn svo fljótt sem auðið er eftir hver áramót og senda síðan ásamt fylgiskjölum og undirritaðan af hreppsnefnd, til endurskoðanda sveitarsjóðsreikninga. Að endurskoðun lokinni skal hann úrskurðaður af sýslunefnd.

52. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar 100,00 til 5.000.00 króna sekt, sem rennur í fjallskilasjóð viðkomandi upprekstrarfélags.

53. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála. Þó má, ef hlutaðeigendur koma sér saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endanlegra úrlita sýslunefnda. Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu frá 24. júlí 1940, ásamt breytingum á henni, er síðan hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 21. maí 1927, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júlí 1960.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T

Veiðifélagsins Leirvogsá

149
3. ágúst

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélagið Leirvogsá. Heimili þess og varnarþing er Kjósarsýsla.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Leirvogsá og ósum hennar upp að Tröllafossi, en þær eru Viðines ásamt Vogu, Fitjakot, Varmidalur, Norður-Gröf, Þverárkot, Hrafnhólar, Skeggjastaðir, Minna-Mosfell, Mosfell, Hrisbrú, Leirvogstunga, Mosfellshreppur og Blikastaðir.

149

3. ágúst

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 frá 1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957 um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. ágúst 1960.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.